



# ÍSAFJARÐARBÆR

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum  
Aðalstræti 92  
450 Patreksfjörður

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Ísafjörður, 20. júní 2018  
2018010057

## Efni: Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Vestfjörðum í bréfi dags. 12.04.2018., þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar á umsókn Árna Þ. Árnasonar, um leyfi til að reka gistiheimili í flokki II, íbúð að Tangagötu 10a, Ísafirði, Húsnaðið er skráð sem íbúð á byggingarstig 7, það er fullgerð notaenning.

Gististaður II, er gististaður án veitinga. Flokkur F, Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2. gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér falla undir starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskyldar.

Tangagata 10a, Ísafirði er á svæði sem er skilgreint sem I5 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, markmið skipulagsins eru eftirfarandi.

- Ávallt verði tiltækjar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum.
- Pannig hafi fólk val um búsetu m.t.t. staðsetningar og umhverfis
- Íbúðarsvæðin njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru

### Athugasemd skipulagsfulltrúa

Tangagata 10a, Ísafirði er á svæði sem skilgreint er sem íbúðargata, í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, skv. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr. 6.2. er einungis heimilt að hafa gistiheimili í flokki II á svæðum sem skilgreind eru sem miðsvæði eða verslun og þjónusta í skipulagi.

Í með vísan reglugerð 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald segir í grein 12 mgr. 1, Íbúðagisting er leiga á stakri íbúð til ferðamanna. Falli útleiga íbúðar ekki undir heimagistingu telst íbúðin vera atvinnuhúsnæði og skal vera samþykkt af byggingafulltrúa sem slík. Heimagistingu samkvæmt ákvæðum 13. gr. má reka í samþykktu íbúðarhúsnæði en allir aðrir gististaðir að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka skulu vera í samþykktu atvinnuhúsnæði til þeirra nota sem fyrirhuguð eru. Breytt notkun kallar á umsókn um byggingaleyfi.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd í umsögn dags. 10.04.2018

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemd í umsögn dags. 15.05.2018

Virðingarfyllst,

Axel Rodríguez Överby  
- skipulags- og byggingafulltrúi -  
BYGGINGAFULLTRÚI